




Reykjavík, 25. ágúst 2026
USK26070353

Rafstöðvarvegur 1a – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Andreu Sólar Ingibergsdóttur, dags. 27. júlí 2026, um rekstur samkomusalar með veitinga- og áfengisleyfi í húsinu á lóð nr. 1A við Rafstöðvarveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Rafstöðvarvegur 1a borgarhluta 7. árbær og er hluti af opnu svæði, OP30.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn, samþykkt í borgarráði 15. desember 2020, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvort hægt sé að breyta húsnæðinu, fnr. 2258585, rýmisnúmer 0103, í veitingastað í flokki II – G samkomusalur. Rýmið er í dag skráð verslunarhúsnæði og þarf því að sækja um byggingarleyfi til þess að koma fyrir veitingastað í rýminu.

Í töflu 19.2 um veitingastaði segir að veitingastaðir í flokkum I-II séu heimilaðir á opnum svæðum en veitingastaðir í flokki III einungis ef gert er ráð fyrir þeim í deiliskipulagi.

Um OP30 segir í aðalskipulagi:

Minni opin svæði innan þéttrar byggðar. Leikvellir, gróðurreitir, minni útivistarsvæði og almenningrými og græn belti innan þéttbýlis.

Í aðalskipulagi eru veitingastaðir í flokki II skilgreindir þannig:

Umfangslitlir veitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrí tónlist, og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Opnunartími skal almennt takmarkast við kl. 01 um helgar og á frídögum en kl. 23 virka daga, nema annað sé tekið fram. Á



Reykjavík



landnotkunarsvæðum þar sem veitingastaðir í flokki III eru heimilir getur veitingastaður í flokki II lotið sömu ákvæðum um opnunartíma og flokkur III á viðkomandi svæði. Einnig getur komið til greina að veitingastaður í flokki II fái lengri opnunartíma en flokkur III og þá að undangengnu sérstöku mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á grenndaráhrifum. Í því mati verði m.a. horft til gerðar húsnæðis og staðsetningar, hljóðvistar, nálægðar við íbúðarbyggð, opnunartíma veitingastaða í grenndinni og umfangs starfsemina

Í deiliskipulagi er ekki fjallað um veitingastað í húsinu og skal því fara eftir ákvæðum aðalskipulags.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að sótt sé um byggingarleyfi til þess að koma fyrir veitingastað í húsinu.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík